

1. maí ávarp 2016

Góðan daginn góðir félagar og gleðilega hátíð.

Í dag er merkisdagur.

1. maí sem hefur allt frá árinu 1923 verið haldin hátíðlegur á Íslandi sem baráttudagur launafólks.

Við erum hér saman komin vegna þess að við tilheyrum þeim hópi. Hópnum sem er **stoð** samfélagsins.

Þessi baráttudagur gegnir **veigamiklu hlutverki** til þess að vekja athygli á stöðu launþega í samfélaginu og þeirri **stöðugu baráttu sem þarf að etja** til að stuðla að hagsmunum þeirra.

Hann minnir okkur á þá **sigra** sem launþegar hafa unnið í gegnum tíðina með því að standa saman og **berjast** þar til úrbótum hefur verið náð.

Úrbótum er varða **kaup, kjör, réttindi og jafnrétti** svo eitthvað sé nefnt.

-----

Fyrir ári síðan sýndu launþegar landsins hvað í þeim býr. Þeir sýndu að þeir standi **vörð um kjör sín** og er tilbúnir til að sýna **samstöðu** í verki. Fjölmargar starfsstéttir boðuðu til verkfalla til að vekja athygli á mikilvægi þeirra í samfélaginu - og til að senda þau skilaboð til atvinnurekenda og ríkis að þær eigi skilið **mannsæmandi laun og kjör**. Launþegar í landinu gáfust **ekki** upp fyrr en komið var til móts við kröfur þeirra með **sanngjörnum** hætti.

Þrátt fyrir að sú ólga sem var í samfélaginu vegna kjaramála hafi hjaðnað – þá þýðir það ekki að öllum markmiðum hafi verið náð og við erum **hvergi nærri hætt**.

-----

Nú nýverið sendu til að mynda collegar mínir úr grunnskóla hér í bæ frá sér tilkynningu er varðar niðurskurð í grunnskólum Akureyrarbæjar. Þeir bentu á að með skerðingu á fjáruhlutun er álagið á kennara orðið **það mikið** að þeir ná ekki

að sinna starfinu jafnvel og þeim ber skylda til. Sú staðreynd að starfsfólk sé undir það miklu álagi, að skerðing verði á þeirri þjónustu sem það á að veita, á einnig við á öðrum skólastigum og í fjölmörgum öðrum starfsstéttum.

Það minnir okkur á að þegar við berjumst fyrir bættum kjörum þá erum við ekki einungis að berjast fyrir okkur **persónulega** eða þá **starfsstétt** sem við tilheyrum heldur **samfélagið** í heild sinni.

-----

Við kennarar erum að berjast fyrir **börnin** í samfélaginu. Við erum að berjast fyrir að við fáum **tíma** og **rými** til þess að sinna umönnun og menntun þeirra á **fullnægjandi** hátt.

Starfsfólk öldrunarheimila er að berjast fyrir aldraða. Berjast fyrir svigrúmi til að geta hlúið vel að skjólstæðingum sínum og veitt þeim þá aðstoð sem þeir þurfa á að halda.

Starfsfólk sjúkrastofnana er að berjast fyrir þá veiku. Berjast fyrir að þeir fái góða þjónustu, hratt og örugglega.

Svona mætti lengi telja en eitt er víst að **hvert og eitt starf** gegnir ákveðnu hlutverki sem er **mikilvægur** hluti af samfélaginu í heild sinni.

-----

Hingað til hefur okkur verið sagt að það sé ekki nægt fjármagn í samfélaginu til að verða við þessum kröfum launþega. Eftir uppljóstrun Panamagagnanna þá höfum við sönnun fyrir því - **svart á hvítu** - að svo sé ekki raunin. Við höfum sönnun fyrir því að fjármagnið er til staðar en einstaklingar sem tilheyra auðstéttinni hafi falið það fyrir okkur í skattaskjólum. **Græðgi** þeirra hefur með þessum hætti svipt samfélaginu **gríðarlegu fjármagni** sem hefur komið **hart** niður á innviðum þess og almenningi í landinu. Það er kominn tími til að við segjum **hingað og ekki lengra**.

Það er kominn tími til að **allir** spili eftir reglum samfélagsins. Aðeins þannig er hægt að stuðla að jafnara samfélagi fyrir **alla** –

Það er kominn tími til að við förum í **sókn til nýrra sigra**.

Segjum **stopp** við spillingu! Segjum **stopp** við misskiptingu! Segjum **stopp** við óréttlæti!

**Kæru félagar!**

Við **þurfum** að standa saman!

Ekki aðeins sem samstarfsfólk

Ekki aðeins sem starfsstétt

Heldur sem **samfélag**

Því þannig munum við byggja betra land fyrir okkur öll.